

Knattspyrnuæfingar

Knattspyrnuæfingar fyrir mið- og elsta stig eru á mánudögum kl. 15:30-16:30. Æfingarnar fara fram í Dalnum, á meðan aðstæður leyfa.

Knattspyrnuæfingar fyrir yngsta stig er á gæslutíma á fimmtudögum á sparkvellingnum við Auðarskóla.

Samstarf í húsnæðismálum

Alþingi hefur samþykkt ný lög um almennar íbúðir nr. 52/2016. Með lögunum er ríki og sveitarfélögum heimilt að veita stofnframlög til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda.

Húsnæðissjálfsseignastofnanir, sveitarfélög, lögaðilar og félagasamtök sem hafa hlotið samþykki ráðherra og hafa það að langtímamarkmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með leiguhúsnæði og eru rekin án hagnaðarsjónarmiða geta hlotið stofnframlög.

Íbúðalánasjóður veitir stofnframlög ríkisins til íbúðarkaupa eða bygginga á almennum íbúðum og á vef sjóðsins www.ils.is er að finna margvíslegar upplýsingar um framkvæmd laganna.

Sveitarstjórn hefur falið undirrituðum að auglýsa eftir aðilum sem hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu leiguhúsnæðis í Dalabyggð.

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við undirritaðan á skrifstofu Dalabyggðar eða með tölvupósti sveitarstjori@dalir.is.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri



DALAPÓSTURINN

11. tölublað, 9. árgangur

2. september 2016

Íbúð til leigu fyrir eldri borgara og lífeyrisþega

Um 81,6 m² íbúð að Gunnarsbraut 11a í Búðardal er laus til leigu frá 15. október 2016. Um úthlutun gilda „Reglur um úthlutun íbúðar eldri borgara og lífeyrisþega að Gunnarsbraut 11“. Þær reglur má finna á vef Dalabyggðar.

Skriflegum umsóknum skal skila á skrifstofu Dalabyggðar fyrir **15. september**. Eldri umsóknir skulu endurnýjaðar.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 430 4700 eða með tölvupósti sveitarstjori@dalir.is.

Sælingsdalslaug - september

Opnunartímar í Sælingsdalslaug verða á

þriðjudögum kl. 15:30 - 20

miðvikudögum kl. 18 - 22

fimmtudögum kl. 16- 18

laugardögum kl. 14-18

Breytingar á áður auglýstum opnunartímum er auglýstar á heimasíðu Ungmenna- og tómstundabúðanna Laugum, www.ungmennabudir.is.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Lokahóf UDN

Lokahóf UDN fer fram á Reykhólum, 7. september kl. 18. Farið verður í ratleik og viðurkenningar verða veittar. Boðið verður upp á hamborgara.

Svæðisskipulagsfundur

Þriðjudaginn 6. september kl. 17:30 verður haldinn opinn fundur í Kaupfélaginu í Króksfjarðarnesi þar sem íbúum Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar gefst tækifæri til að kynna sér vinnu við svæðisskipulagsáætlun fyrir sveitarfélögin og leggja sitt af mörkum við mótun áætlunarinnar.

Verkefnið snýst um að móta stefnu um þróun svæðisins til framtíðar. Sú stefna þarf að eiga fótfestu í reynslu íbúa og sýn á svæðið, auðlindir þess og tækifæri. Sjá nánar um verkefnið á vefnum samtakamattur.is.

Á fundinum verða kynntar mögulegar áherslur við að styrkja ímynd svæðisins og við að þróa meginatvinnugreinar, en þær byggja á ýmsum gögnum um svæðið, hugmyndum og sjónarmiðum sem komu fram á opnum fundi í Tjarnarlundi í lok apríl. Áherslurnar verða ræddar og fundarmenn taka síðan þátt í að setja fram tillögur um ferðaleiðir og áfangastaði.

Svæðisskipulagsnefnd hvetur alla sem hafa áhuga á framtíð svæðisins að koma á fundinn, kynna sér vinnuna og ræða tækifærin til að nýta auðlindir og sérkenni svæðisins til eflingar atvinnulífs og byggðar.

Vinsamlegast skráið þátttöku hjá Matthildi Kr. Elmarsdóttur hjá Alta á netfangið matthildur@alta.is eða í síma 582 5000, fyrir mánudaginn **5. september**. Vegna veitinga á fundinum og skipulags hópavinnu er nauðsynlegt að skrá sig.

Auðarskóli - leikskólakennari

Leikskólakennara vantar við Auðarskóla frá og með 1. október.

Hæfniskröfur eru áhugi á skólastarfi, góð samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í störfum. Hann þarf að vera jákvæður, skapandi og vera virkur hluti liðsheildar.

Allar umsóknir verða teknar til skoðunar og þeim svarað.

Umsóknarfrestur er til og með **18. september**.

Nánari upplýsingar veitir Hlökkver Ingi Gunnarsson skólastjóri í síma 430 4700.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið hlodver@audarskoli.is.

Verkstjóri heimaþjónustu

Staða verkstjóra heimaþjónustu Dalabyggðar er laus til umsóknar.

Þegar umsókn um heimaþjónustu hefur borist skrifstofu Dalabyggðar metur verkstjóri þjónustupörf í samráði við umsækjanda og félagsráðgjafa. Gengur frá þjónustusamningi og ræður starfsfólk til þjónustunnar. Verkstjóri staðfestir vinnuskýrslur starfsmanna og skilar til launafulltrúa.

Starfsaðstaða er í stjórnsluhúsi. Starfshlutfall er 20%.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsness og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með **15. september**.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Dalabyggðar eða senda á netfangið sveitarstjori@dalir.is, þar sem einnig fást nánari upplýsingar.